

G J A L D S K R Á

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1. Til almennrar lýsingar, svo og til götulyýsingar.		
Orkugjald	kr.	45.40 á kWst.
1.2. Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.		
Orkugjald	—	56.80 á kWst.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.		
Orkugjald	kr.	40.60 á kWst.

3. Vélar o. fl.

3.1. Til vélanotkunar.		
Orkugjald	kr.	45.40 á kWst.
3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskyld afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.		
Orkugjald	—	14.20 á kWst.
Aflgjald	—	39 240.00 á kWst. á ári

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.		
Orkugjald	kr.	20.70 á kWst.
4.2. Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag.		
Orkugjald	—	7.90 á kWst.
4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.		
Orkugjald	—	4.76 á kWst.
4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.		
Orkugjald	—	8.83 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

- c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 3 130
Orkumælir, þrífasa	— 7 860
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 13 506
Aflmælir	— 12 716
Aflmælir með straumspennum	— 20 356

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A) málraun (KVA)	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	204 900	6 720	75 800
63 A 3-fasa	221 660	6 720	93 870
100 A 3-fasa	263 650	7 560	120 080
200 A 3-fasa	420 130	10 320	
315 A 3-fasa	885 740	12 320	
300 KVA	1 240 020	Samkv. kostn.	
500 KVA	2 054 570		
800 KVA	3 288 780		

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaug fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr. 45 150
63 A 3-fasa	— 61 200

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé bækkadur upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 395 20. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygning.

Kristmundur Halldórsson.

7. febrúar 1980.

Nr. 129.

GJALDSKRÁ

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi).

Flokkur 1:

Dánartilkynningar og jarðarfarir. Messur. Góðgerðastarfsemi. Tapað — fundið kr. 400 hvert orð

Flokkur 2:

Opinberar tilkynningar. Auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00 kr. 600 hvert orð

Flokkur 3:

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir kr. 700 hvert orð

Flokkur 4:

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir kr. 1 400 hvert orð

Verðskrá þessi gildir frá 15. febrúar 1980 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 7. febrúar 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.